

Ísafirði 21.02.2023

Efni : Skýrsla stjórnar Skotís vegna 2023.

Félagar í Skotís í nokkrum mótum og skiluðu að venju mjög góðum árangri .

Félagar í Skotís kepptu á nokkrum landsmótum STI nokkru og stóðu sig frábærlega að venju, keppnisárið byrjaði á landsmóti Sti ( Skotsambands Íslands) ,þar sem Skotís stóð sig með sóma að venju félagar Skotís hafa í flestum tilfellum náð verðlaunasæti á þessum mótum . Karen Rós Valsdóttir náði að setja nýtt Íslandsmet í unglingsflokknum 580.2 stig félags starfið hefur verið í dvala síðan covid og voru engar innanfélagskeppnir haldnar á árinu það er eitthvað sem við verðum að fara að koma á stað

.haldin voru 3 skotvopnanámskeið .þ.e.a.s. verklegi hlutinn af skotvopnanámskeiðinu og gekk það vonum fram .

Haglabyssudeildin var í lægð þetta árið en það var keyptur nýr leirdúfukastari sem enn á eftir að setja upp og þarf að byggja eitthvað yfir hann

Við byrjuðum á inniaðstöðu 2023 og vorum með allt tilbúið en því miður þá gekk mjög illa að fá Ísafjarðarbæ til að klára sín mál og við fengum ekki leyfi fyrr en í nóvember til að byrja á aðstöðunni ,enn er unnið að því að reisa vegg og vonumst við að því ljúki fljótlega .

Skýrsla bogfimideildar.Kristjan Sigurðson Formaður .Bogfimin er að rétta úr sér eftir Covid niðursveifluna, þrátt fyrir að mjög fáir iðkendur frá fyrri tíð hafi ekki skilað sér aftur. Á árinun vorum við með fjóra nemendur frá Menntaskólanum á Ísafirði í námi á afrekíþróttabraut. Þessir nemendur eru skráðir félagar í Skotís og njóta þeirra réttinda að fá að taka þátt í mótum sem eru í boði, bæði heima og erlendis.

Í febrúar fór fram í Reykjavík Íslandsmeistaramót innandyrna þar áttum við tvo fulltrúa sem kepptu saman sem félagslið og sem einstaklingar. Þar kom Íslandsmeistaratitlar í báðum tilfellum og eins í flokki óháð kyni.Í júní var Íslandsmeistaramót utandyra á hamranesvelli í Hafnarfirði. Þar voru fulltrúar í u18 og 50+ flokkum. Maria Kozak náði Íslandsmeistaratitli í bæði u18 kvenna og u18 óháð kyni.Dagana 29 júní – 2 júlí var haldið Norðurlandameistaramót ungmenna í Larvik í Noregi, einn keppandi frá Skotís tók þátt í því móti og náði norðurlandameistaratitli í einstakingskeppni og silfur fyrir annað sæti í liðakeppni í samsettu liði Íslands, Svíþjóðar og Danmerkur.Haustið fór vel af stað, og fjöldi áhugasamra ungmenna kom á haustönninni til að prufa sig í íþróttinni og oft var staðan þannig að færri komust að en vildu. Nokkrir hópar komu á árinu, Stæðsti hópurinn kom frá grunnskólanum á Ísafirði alls um 80 krakkar úr þremur efstu bekkjunum, þetta er að verða fastur liður í dagskránni hjá okkur.Umsjónamaður Bogfimideildarinnar bætti við sig í þjálfamenntuninni og hefur nú lokið öðru stigi sem gefur alþjóðleg réttindi til að leiðbeina einstaklingum í landsliðsverkefnum.Það er ljóst að bogfimin er komin til að vera sem hluti af íþróttavali á svæðinu.

með kveðju  
Valur Richter

Skotís

Aðalfundur Skotís var 28.02.2024  
ný stjórn var kosin  
formaður [Valur Richter](#)  
varaformaður [Leifur Bremnes](#)  
meðstjórnadi [Jóngunnar Biering Margeirsson](#)  
gjaldkeri [Rafn Pálsson](#)  
Ritari [Kristján G Sigurðsson](#)  
endurskoðendur Barði Öundurson og Ari Hólmgrímsson

á fundinum var farið yfir ársreikniga félagsins og framkvæmdaáætlun fyrir árið  
einnig var nýtt merki félagsins samþykkt með breytingum . Skotís vill þakka þeim félagsmönnum  
sem hafa lagt á sig mikið sjálfbóðaliðsstarf á síðasta ári fyrir vinnuna og þar ber helst að nefna  
[Kristján G Sigurðsson](#) sem hefur staðið sig frábærlega við þjálfun í bogfimi og [Leifur Bremnes](#) sem  
hefur lagt ótrulega mikla vinnu til félagsins og er alltaf tilbúin þegar vantar að gera eitthvað ,einnig  
sjá Leifur um kaffiveitingar á aðalfundinum ,einnig þökkum við öllum þeim sem hafa lagt til vinnu og  
fleirra til félagsins .Þetta sjálfbóðaliðastarf er ómetanlegt og Skotís væri ekki svona öflugt án þess  
.eins og er eru 20 krakkar undir 18 ára að æfa skotfimi og fer þeim fjölgandi